

Ráðstefna um háskólakennslu, 26. maí

Guðrún D Whitehead, lektor í safnafræði

*Safnafræði: Úr staðnámi í fjarnám.*

Safnafræði er í boði á framhaldsstigi, diplóma, MA og PhD. Frá upphafi hefur námsbrautin boðið upp á þann möguleika að stunda námið í fjarnámi. Fram til ársins 2015 var hlutfall staðnema og fjarnema nokkuð jafnt, en fjarnemum tók að fjölga upp frá því almennt þvert á deildir við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Árið 2014 vann ég svo skýrslu þar sem staða fjarnáms í námsbraut var tekin saman og metin. Niðurstöðurnar leiddu í ljós nauðsyn þess að huga betur að þörfum fjarnemenda og hverskonar fjarnám væri í boði. Stærsta vandamálið var að meginþorri nemenda var skráður í fjarnám, en kennsluhættir miðuðu einkum að staðnámi. Allir nemendur höfðu aðgengi að upptökum úr tíma, en ekki var nægilega vel reynt að virkja fjarnemendur til þátttöku að öðru leyti. Tæknilausnir voru ekki nægilega vel nýttar (þá einkum Moodle) til að bjóða upp á fjölbreytilegt kennsluefni, sniðið að þörfum nemenda.

Í ljósi þessara niðurstaðna, var sú ákvörðun tekin að hanna námslínuna í safnafræði alfarið út frá forsendum fjarkennslu og þannig svara þörfum meirihluta nemenda. Frá hausti 2016 hefur verið boðið upp á öll kjarnanámsskeið í safnafræði eingöngu í fjarnámi. Þar er leitast við að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti í fyrirlestrum og verkefnum.

Kennsluhættir safnafræði er nú alfarið hugsaðir út frá þörfum fjarnáms. Fyrirlestrar á kennsluvefnum eru styttri og fleiri, þ.e.a.s., í staðin fyrir að vera með tvo 40 mínútna fyrirlestra, er þeim skipt niður í fleiri og styttri einingar, til dæmis, einn fyrirlestur um hverja grein/kafla sem eru sett fyrir, viðfangsefni, hugtök eða annað. Gestafyrirlesarar eru einnig beðnir um að vera ekki með lengri fyrirlestra en ca. 20 mínútur. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er einkum að það er auðveldara fyrir nemendur að finna fyrirlestra um tiltekið efni og fyrirlestrar eru hnitmiðaðir. Þar sem ekki er krafist viðveru í rauntíma, er einnig auðveldara að bjóða upp á gestafyrirlestra frá fræðimönnum og sérfræðingum víðsvegar að sem kynna nemendur fyrir nýjum rannsóknum á sviði safnafræði og almennu þróunarstarfi safna, bæði hér á landi og erlendis.

Í árslok 2017 gaf rannsóknarsetur í Safnafræði út rafræna kennslubók í faglegu starfi safna (bætt og endurútgefin árið 2018), ritstýrða af mér og Sigurjóni Baldri Hafsteinssyni, þróuð í samvinnu við sérfræðinga í safnamálum á Íslandi. Hún er sérsniðin að kennslu í námskeiðinu Faglegt starf: Tilvik og álitamál og tekur mið af sérstökum aðstæðum safna á Íslandi. Bókin er aðgengileg á Opnum Vísindum. Þar

er að finna raunveruleg tilvik úr Íslensku safnastarfi, auk 3-5 álitamála um hvert. Nemendur eru beðnir um að velja eitt tiltekið álitamál og hugleiða í ljósi lesefnis og tilviksins. Með nýfengnum styrk (lýst að neðan) er okkur gert kleift að framleiða nýtt námsefni, upptökur, sem nýta má milli ára, unnar í samstarfi við utanaðkomandi sérfræðinga á sviði miðlunar og kennslutækni. Hver upptaka mun taka fyrir eitt tilvik úr kennslubókinni.

Nemendur hafa einnig aðgengi að útvöldum fyrirlestrum sérfræðinga frá Youtube, hlaðvörpum með tengdum umræðum, auka lesefni og öðru útgefnu efni, aðgengilegu á netinu.

Staðlotur mynda kjarna í öllum námskeiðum og samanstanda yfirleitt af eins til þriggja daga fyrirlestrum og leiðsögnum frá reyndum sérfræðingum sem vinna á söfnum og vinnu nemenda við hagnýt verkefni. Staðloturnar hafa verið unnar í náinni samvinnu við fjölmörg söfn víða um landið.

Verkefni sem nemendur vinna eru bæði hagnýt og fræðileg. Í námskeiðinu Faglegt starf: Tilvik og álitamál, fara nemendur í starfsdag á Hönnunarsafn Íslands (á næsta ári verða þau á Listasafni Einars Jónssonar) og skrifa dagbókarfærslu, þau vinna fræðilega samantekt eftir staðlotur og skila inn 10 stuttum ritgerðum um valin tilvik úr kennslubók. Í námskeiðinu Söfn sem Námsvettvangur, vinna nemendur í hóp, í samstarfi við safn í Reykjavík (breytilegt eftir misseri) og útbúa fræðsluefni, sem gefið er safninu til afnota.

Þróun kennsluhátta var unnin með aðstoð Kennslumiðstöðvar, með samhæfðu átaki kennara í safnafræði og með fengnum styrkjum: árið 2018 hlaut styrkur úr Kennslumálasjóði, sem nýttur var m.a. í rannsóknarferðir til háskóla í Bretlandi með viðamikla reynslu í fjarnámi og til tækjakaupa. Árið 2022 hlaut styrkur til endurskoðunar námsleiðar. Hluti af fengnu fé var lagður til hliðar fyrir samstarf við námsbraut í Upplýsingafræði, til þess að vinna að sameiginlegri stefnumörkun í fjarnámi innan deildar. Arndís Bergsdóttir hefur verið fengin til þess að meta viðhorf fyrrum og núverandi nemenda til náms í safnafræði, með aðstoð rýnihópa. Einnig verður unnið að nýjum upptökum fyrir námskeiðið Faglegt starf: Tilvik og Álitamál með aðstoð kvikmyndatökumanns. Sótt hefur verið um kennsluafslátt í kennslumálasjóð, til þess að fylgja því verkefni úr hlaði á vormisseri 2023. Nú í byrjun árs 2023 hlaut styrkur úr Tækjakaupasjóði, til kaupa á iPad og ýmsum öðrum tækjum sem gera okkur kleift að bjóða upp á viðveru á Zoom í staðlotum, taka upp viðtöl og hlaðvörp við starfsfólk safna og annarra menningarstofnana og fleira.

Það var stórt skref að færa öll kjarnanámskeið okkar yfir í fjarnám, en jákvæðar viðtökur nemenda hefur sýnt fram á réttmæti þeirrar ákvörðunar. Endurmat á námskeið okkar hefur gefið til kynna að þetta var skref í rétta átt. Með því að einblína á eina tegund námsframboðs, fjarnám, fáum við tækifæri til þess að þróa nám okkar á markvissari hátt, og mæta þannig kröfum nemenda okkar, óháð búsetu og dagsdaglegum

störfum. Námið verður einstaklingsmiðað og býður bæði kennurum og nemendum upp á sveigjanleika sem nemendur okkar kunna að meta. Ekki síst í ljósi þess að flestir nemendur okkar eru í fullri vinnu meðfram námi. Það eru að sjálfsögðu enn verkefni fram undan. Safnafræði er sífellt í þróun, því möguleikar fjarnáms eru miklir og það krefst tíma, vinnu og reynslu að ákvarða hvað er viðeigandi hverju sinni. Rannsókn Arndísar á viðhorfum nemenda mun vera mikilvægur þáttur í þeirri vinnu, enda nauðsynlegt að þarfir nemenda séu í fyrirrúmi. Áframhaldandi samvinna og samtal við Kennslumiðstöð og aðrar námsleiðir eru einnig mikilvægur liður í faglegri þróun fjarnáms í safnafræði.